



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Ylraektarfræðingur

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Horticulturalist (specialising in vegetable production and protected crops)

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- þekkir helstu tegundir og yrki fyrir mismunandi tegundir ræktunar, fjölgun, uppeldi, ræktunarpláss, jarðvegsgerð, áburðargjöf, koltvísýringsgjöf, lýsingu/myrkvun og viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum
- setur upp og fylgir eftir ræktunaráætlunum fyrir helstu tegundir pottaplantna, afskorinna blóma og matjurta í ræktun á Íslandi, bæði í gróðurhúsum og á frílandi. Beitir ræktunartækni til úrlausnar á vandamálum sem geta komið upp í framleiðslunni. Ber ábyrgð á gæðum matjurta og plantna sem hann framleiðir
- stýrir umhverfispáttum í gróðurhúsum, s.s. lýsingarmagni, hitastigi, áburðargjöf, vökvun og myrkvunarbúnaði og bregst við vandamálum sem upp kunna að koma
- er meðvitaður um umhverfisáhrif framleiðslunnar og þekkir leiðir til að fyrirbyggja neikvæð áhrif
- getur unnið sjálfstætt og leiðbeint öðrum í starfi
- getur tjáð sig, munnlega og skriflega, um stöðu og framtíð greinarinnar út frá faglegum sjónarmiðum
- er hæfur til að skipuleggja og reka garðyrkjustöð með hagkvæmum hætti
- gætir að öryggi á vinnustað, m.a. með notkun persónuhlífa.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Ylraektarfræðingur/garðyrkjufraeðingur á sviði ylraektar starfar við ylraektar- og útmatjurtaframleiðslu í garðyrkjustöð, annaðhvort við eigin rekstur eða hjá öðrum og þá gjarnan sem verkstjóri eða ræktunarstjóri. Hann sér um sölu á plöntum og veitir viðskiptavinum ráðgjöf um allt er varðar afurðir ylraektunar og annarrar matjurtaframleiðslu. Hann gætir að umhverfi og öryggi.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbodaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Landbúnaðarháskóli Íslands, Starfs- og endurmenntunardeild, Reykjum Ölfusi	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Nám á ylræktarbraut skiptist í bóklegt nám, 4 annir við Starfs- og endurmenntunardeild Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum Ölfusi og verklegt nám í alls 72 vikur á viðurkenndum verknámsstað undir handleiðslu garðyrkjufræðings. Af 72 vikna verknámi eru 60 vikur dagbókarskyldar og er dagbók metin til einkunnar. Alls er námið 136 einingar, 76 einingar bóklegt og 60 einingar verknám.

Inngönguskilyrði

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hafi lokið 12 vikna reynslutíma við alhliða garðyrkjustörf auk hluta af verknámi áður en þeir hefja bóknám. Heimilt er að meta reynslu úr atvinnulífi til hluta fornáms á framhaldsskólastigi og er það skoðað hverju sinni.

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is